

Gönguleiðir.is

Helena Sif Zóphoníasdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.A.-gráðu
í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.A. -prófs

Gönguleiðir.is

Hugmynd að vefsíðu

Helena Sif Zóphoníasdóttir

120978-5869

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Íprótta-, tómstunda- og þroskajálfadeild, tómstunda- og félagsmálafræði

Apríl 2010

Leiðbeinandi: Árni Guðmundsson

Yfirlýsing

Hér með lýsi ég því yfir að skýrsla þessi er byggð á mínum eigin hugmyndum, er samín af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Stokkseyri, 11.apríl 2010

Helena Sif Zóphoníasdóttir

Ágrip

Hugmyndin að gonguleidir.is vefnum kviknaði þegar höfundur fór ásamt ferðafélaga í gönguferð frá Reykjadal yfir á Þingvelli. Þegar leggja átti af stað gekk erfiðlega að nálgast göngukort af leiðinni, þannig að þá kviknaði sú hugmynd að gott væri að hafa einn aðgengilegan vef þar sem göngufólk gæti nálgast kort af helstu gönguleiðum á Íslandi, jafnt á láglendi sem og á fjöllum „á auðveldan hátt og auk þess prentað út kortin.

Mikill fjöldi bæði innlendra og erlendra ferðamanna ferðast um Ísland ár hvert, misjafnt er hver tilgangur ferðalaganna er, en gönguferðir hafa notið síaukinna vinsælda undanfarin ár.

Rannsóknir sýna að þegar ferðalangar leita sér upplýsinga varðandi ferðalög og tengt efni er notið einn vinsælasti staðurinn til þess að nálgast slíkar fróðleik, þannig að vefur sem hefur að geyma allar helstu gönguleiðir á Íslandi er án efa velkomin viðbót.

Abstract

The concept of the web gonguleidir.is began when the author was hiking with a companion from Reykjadal to Thingvellir. When planing the trip it was very hard to find a decent hiking map on the web for the desired route. It was then the idea was born that it would be useful to have one website that was free for all to go to and print out maps for all the major hiking trails in Iceland.

A large number of both foreign and domestic tourist travel around Iceland every year, for various purposes, but hiking popularity have been increasing in recent years.

Research shows that when tourists seeking information about travels and related content, the internet has become the most popular place to access such knowledge, so that a website containing all the major hiking trails is undoubtedly welcome addition to the internet.

Þakkir

Sigurjóni Vídalín Guðmundssyni þakka ég kærlega fyrir alla aðstoðina við uppsetninguna á vefnum, endalæsa þolinmæði, hvatningu og alla aðra aðstoð sem hann lagði til verkefnisins, en án hans hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika. Leiðbeinanda mínum, Árna Guðmundssyni, þakka ég sérstaklega fyrir veitta aðstoð á meðan á verkefninu stóð. Jens Júlíussyni þakka ég kærlega fyrir að hafa útbúið, eftir mínum óskum, logo fyrir vefsíðuna.

Sérstakar þakkir fá Helga Þórunn Sigurðardóttir og Dagný Gunnarsdóttir fyrir hvatningu, stuðning, samvinnu og vináttu í gegnum háskólanámið síðastliðin þrjú ár, en án þeirra hefði háskólanámið ekki verið jafn ánægjulegt.

Þetta verkefni tileinka ég móður minni, Jennýju Láru Jónasdóttur, sem hefur hvatt mig til dáða í öllu því sem ég hef tekið mér fyrir hendur.

Efnisyfirlit

Yfirlýsing	i
Ágrip	ii
Abstract	ii
Þakkir	iii
Myndaskrá.....	v
Inngangur	1
1. Ganga sem tómstund.....	2
1.1 Tómstundir.....	2
1.2 Útivist.....	3
1.3 Ganga	3
2. Innlendir og erlendir ferðamenn	5
2.1 Innlendir.....	5
2.2 Erlendir	5
3. gonguleidir.is	7
3.1. Hugmyndavinna við gonguleidir.is.....	7
3.2. Gerð gonguleidir.is	10
3.3. Gönguleiðir.is að raunveruleika.....	13
4. Markaðssetning vefsíðunnar	15
5. Niðurstöður	17
Heimildaskrá.....	19
Viðhengi.....	21

Myndaskrá

1. mynd.	10
2. mynd.	11
3. mynd.	12
4. mynd.	12
5. mynd.	13

Inngangur

Þegar spurt er hvaða þætti megi bæta varðandi íslenska ferðapjónustu kemur meðal annars fram að óskað er eftir: betra aðgengi að upplýsingum á netinu t.d. um gististaði, betri vefupplýsingum, betri afmörkun göngustíga, betri og fleiri vefsíðum um hvað hægt sé að gera sér til afþreyingar, betri gönguleiðum svo ferðafólk gangi ekki alls staðar og upplýsingum um léttar gönguleiðir fyrir fólk sem er ágætlega hraust en hefur ekki stundað gönguferðir (Anný Berglind Thorstensen, 2010).

Hugmyndin að göngukortavefnum kom til í fyrrasumar þegar höfundur ásamt föruneysi ákvað kvöld eitt að ganga frá Reykjadal í Hveragerði yfir að Þingvallavatni. Þar sem ákveðið var að leggja af stað í seinna lagi voru allir helstu staðir þar sem hægt var að nálgast göngukort lokaðir. Þá var ekkert annað að gera en að fara á netið og reyna að finna göngukort af leiðinni. Það gekk nú að lokum en tók mjög langan tíma að finna kort sem hægt var að prenta út og hafa með sér. Þar af leiðandi kom upp sú hugmynd að sniðugt væri að hafa einn aðgengilegan vef með kortum af öllum helstu gönguleiðum á landinu. Markmiðið með slíkri síðu væri að sjálfsögðu að þjónusta sem best innlenda og erlenda göngugarpa.

Enginn miðill hefur náð hraðari útbreiðslu en netið og árið 2009 voru 93% af Íslendingum virkir á netinu og 89% nota netið daglega samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það gerir okkur að netvæddustu þjóð í heimi og nánast allir Íslendingar notfæra sér netið sem fyrsta stað til þess að leita að upplýsingum. Á lista frá Hagstofu Íslands um hvað Íslendingar eru almennt að gera á netinu er notkun tengd ferðamennsku í áttunda sæti, þarna er átt við allar athafnir á netinu t.d. notkun á tölvupósti, viðskipti í heimabanka o.fl. En þegar einungis er skoðað hvaða vörur og þjónustu fólk er mest að sækja sér upplýsingar um á netinu eru áfangastaðir og ferðalög í fyrsta sæti (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

1. Ganga sem tómsundur

Margir sem gengið hafa í íslenskri náttúru skynja þann líkamlega og andlega styrk sem í hana má sækja, vandamál og erfiðleikar verða léttvægari og auðleystari þegar þeim er velt fyrir sér í kyrrð og ró náttúrunnar (Sigurður Guðmundsson, 2008).

1.1 Tómsundur

Tómsundur eru oft skilgreindar sem sá tími sem ekki fer í vinnu, skóla eða heimilisstörf og er nýttur til þess að hvíla sig frá hversdagsleikanum og gera eitthvað skemmtilegt fyrir sjálfan sig og/eða aðra (Lýðheilsustöðin, 2008).

Viðhorf, gildi og áhugasvið fólks hefur áhrif á val fólks á tómsundum t.d. hvort tómsundur eigi að vera til ánægju og/eða hafa eitthvert annað gildi eins og að vera góðar fyrir heilsuna. Það er í raun mjög misjafnt hvaða fólk almennt telur vera tómsundur. Þær geta verið af ýmsum toga allt frá því að vera óskipulagðar t.d. leikur og fönður heima við og í það að vera skipulagðar á þar til gerðum svæðum úti og inni. Þetta geta verið íþróttir, hverslags útivist, ferðalög eða t.d. listir, listasýningar o. fl. Í raun getur það verið allt sem einstaklingur hefur gaman af að gera í frítíma sínum og er innan laga og siðgæðismarka (Leisure Studies, 2003).

Gildi tómsunda hefur aukist í samræmi við breytingarnar í samfélaginu og rannsóknir sýna marga kosti þess að stunda heilbrigðar tómsundur m.a. betri líðan, betri árangur í skóla/vinnu og ólíklegra er að viðkomandi neyti fíkniefna, reyki eða drekki. Fólk lærir líka að vinna saman og einnig hafa tómsundur jákvæð áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust.

Tómsundastarf er hornsteinn uppbyggilegrar þátttöku í samfélaginu og svo hefur það líka uppeldislegt og forvarnarlegt gildi. Tómsundastarf getur þar af leiðandi aukið velgengni og vellíðan í lífinu (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2007).

1.2 Útivist

Með aukinni tækni- og samfélagsbreytingum hefur hreyfing farið minnkandi og er ekki eins sjálfsgæður hluti af daglegu lífi og áður. Fólk þarf því að vera meðvitað um hversu nauðsynleg hreyfing er og ætla henni tíma í skipulagi dagsins (Lýðheilsustöðin, 2008; Landlæknisembættið, 2008).

Sífelld fleiri hafa farið að stunda líkamsrækt á undanförunum árum og mætti segja að það væri í tísku í dag að stunda einhvers konar hreyfingu. Misjafnt er hvaða líkamsrækt verður fyrir valinu, sumir velja að fara í líkamsræktarstöðvar en aðrir velja útivist af einhverju tagi, t.d. skokk, sund eða gönguferðir (Else Kari Bjerva, Reidun Haugen og Sigríð Stordal, 2003).

Útivist er ein af þeim fjölmörgu tómstundum sem í boði eru, en útivist er afþreying sem stunduð er undir berum himni á opnum svæðum og hægt er að skipta í nokkra flokka. Þeir eru formlegur eða óformlegur, virkur eða óvirkur og kostnaður eða ókeypis. Í formlega flokknum getur verið t.d. vatnaskíði, golf eða róður. Í óformlega flokknum eru tómstundir sem eru minna skipulagðar og fylgir lítill sem enginn búnaður, oftast felur það í sér að sitja, ganga eða fara í nestisferðir. Það er enginn greinilegur munur á milli þessara flokka vegna þess að sumt fellur undir hvorugan flokkinn eins og t.d. að veiða. Munurinn á flokkunum virkum og óvirkum tómstundum er líka stundum óskýr t.d. hvenær verður göngutúr (óvirkur) að virkri gönguferð? Munurinn á flokkunum þar sem að tómstundirnar annaðhvort kosta fé eða eru ókeypis er nokkuð greinilegur og fer það bara eftir því hvort að viðkomandi er tilbúinn til þess að borga fyrir það sem hann vill gera eða ekki (Leisure Studies, 2003).

1.3 Ganga

Hægt er að stunda margs konar útivist í okkar fallega umhverfi og flestir ættu að geta stundað einhvers konar hreyfingu í næsta nágrenni við heimili sitt án mikillar fyrirhafnar. Mikilvægt er að hreyfingin sem verður fyrir valinu veiti ánægju og ýti undir sjálfstraustið (Lýðheilsustöðin, 2008).

Ganga er af mörgum talin hollasta líkamsræktin og hana geta nær allir iðkað sama á

hvaða aldri fólk er. Með göngu er hægt að ná upp góðu þoli og það án þess að álagið valdi meiðslum. Mikilvægt er að laga gönguhraðann að viðbrögðum líkamans og ganga ekki hraðar en svo að hægt sé að spjalla við göngufélagann (Landlæknisembættið, 2008; Gígja Gunnarsdóttir, 2008). Í gönguferðum er hægt að sameina félagsskap, líkamlega áreynslu og því að njóta náttúrunnar (Else Kari Bjerva, Reidun Haugen og Sigrid Stordal, 2003).

Að stunda göngu er hreyfing sem viðkomandi getur iðkað eftir sínu höfði, fólk er hvorki bundið af ákveðnum tímum né stöðum, hægt er að ganga hvar sem er og hvenær sem er, eina sem til þarf eru góðir skór. Ganga er því með ódýrari líkamsrækt sem völ er á (Landlæknisembættið, 2008).

Röskleg ganga í a.m.k hálf tíma á dag flesta daga vikunnar getur haft verulega góð áhrif á heilsuna og m.a. verið vörn gegn langvinnum sjúkdómum t.d.kransæðasjúkdómum, heilablóðfalli, sykursýki 2, sumum tegundum krabbameins, stoðkerfisvandamálum og geðröskunum, en einnig getur þyngd haldist í skefjum, streita minnkað, orka, vinnuframlag og vellíðan aukist. Auk þess er hægt að fá bæði líkamlega og andlega útrás, dreifa huganum, losa um streitu og stirðleika, bæta andlega orku, líkamlegan styrk og að hreyfingu lokinni hvílist maður betur. Með reglulegri hreyfingu aukast líkurnar á meiri lífsgæðum og að fólk lifi lengur (Lýðheilsustöðin, 2008; Svandís Sigurðardóttir, Þórarinn Sveinsson og Anna Björg Aradóttir, 2008).

Takmarkað magn er til af gögnum varðandi hreyfingu Íslendinga síðustu ár og því ómögulegt að segja til um hver þróunin hefur verið. Einnig hefur samanburður reynst erfiður þar sem mælitækin hafa verið að breytast og einnig viðmið um æskilega hreyfingu. Kannanir benda þó til að meirihluti fullorðinna eða um 50-60% landsmanna þyrftu að hreyfa sig meira og fylgi þar af leiðandi ekki ráðleggingum um æskilega hreyfingu. Vísbendingar eru einnig um að kyrrseta sé að aukasts.s. vaxandi ofþyngd og stóraukin bílaeign (Lýðheilsustöðin, 2008, Svandís Sigurðardóttir, Þórarinn Sveinsson og Anna Björg Aradóttir, 2008).

2. Innlendir og erlendir ferðamenn

Í köflunum hér á eftir verður lítillega fjallað um ferðavenjur innlendra og erlendra ferðamanna á Íslandi samkvæmt nýlegum skýrslum sem gerðar hafa verið fyrir ferðaþjónustuaðila.

2.1 Innlendir

Þegar athugað er hvar landsmenn ferðuðust árið 2009 er niðurstaðan þannig að 48% ferðuðust eingöngu innanlands, 4% eingöngu utanlands, 40% bæði innan- og utanlands og loks 8% sem ferðuðust ekki neitt (Ferðamálastofa, 2010). Það er því augljóst að landsmenn eru mjög duglegir að ferðast um landið.

Almenn útivist er fimmta algengasta ástæðan fyrir því að fólk ferðaðist innanlands á árinu 2009 og ætla 8,2% af þátttakendunum í útivistarferð þ.e. gönguferð, jeppaferðir eða slíkt innanlands á tímabilinu janúar til maí árið 2010 (Anný Berglind Thorstensen, 2010).

Í skýrslunni Ferðaþjónustan á Íslandi í tölum frá árinu 2010 kemur einnig fram að almenn útivist var í fjórða til fimmta sæti eða með 20% yfir þætti sem hafa hvað mest áhrif á að fólk fari í ferðalög (Ferðamálastofa, 2010).

2.2 Erlendir

Mikill fjöldi erlendra ferðamanna kemur til landsins ár hvert og komu rétt rúmlega 493.000 ferðamenn árið 2009 samkvæmt skýrslu um ferðaþjónustu á Íslandi árið 2010. Síðastliðin tíu ár hefur árleg aukning erlendra gesta hingað til lands verið 6,8% á milli ára og samkvæmt þessari aukningu má gera ráð fyrir um einni milljón ferðamanna til landsins árið 2020 (Ferðamálastofa, 2010).

Í þeim rannsóknnum sem gerðar hafa verið á ferðum erlendra ferðamanna til Íslands kemur í ljós að frí er oftast aðal ástæða komu þeirra hingað til lands. Í könnun sem Capacent

Gallup gerði árið 2007 þá voru 72,1% af þátttakendum hérlendis í fríi, það sama kemur einnig fram í skýrslunum um ferðabjónustuna á Íslandi fyrir árið 2009 og 2010 (Ferðamálastofa, 2009; Ferðamálastofa, 2010).

Þegar erlendir ferðamenn voru spurðir árið 2007 hvað hefði haft áhrif á þá ákvörðun þeirra að ferðast til Íslands sögðu um 70% að það væri íslensk náttúra og var það langalgengasta ástæðan sem nefnd var en næst á eftir henni var íslensk menning/saga með 40%.

(Ferðamálastofa, 2009).

Í skýrslunni Ferðabjónustan á Íslandi í tölum frá árinu 2009 er skoðað hvert erlendir ferðamenn fóru um landið árið 2007 og athugað hversu mörg % ferðuðust á helstu ferðamannastaði landsins og í helstu þéttbýlin. Tölurnar sýna að það er komið víða við á ferðalaginu um landið: Reykjavík 94,7% - Þingvellir 67,3% - Vestmannaeyjar 4,6% - Geysir 75,4% - Landmannalaugar 25,9% - Vík 38,2% - Skaftafell 34,5% - Hornafjörður 19,8% - Egilsstaðir 22,8% - Seyðisfjörður 14,3% - Jökulsárgljúfur 19,4% - Húsavík 24,3% - Mývatn 29,1% - Akureyri 31,7% - Skagafjörður 19,8% - Vestfirðir 9,3% - Snæfellsnes 20,9% - Borgarfjörður 19,6% og loks hálendið 22,3% (Ferðamálastofa, 2009).

Þegar erlendir ferðamenn eru spurðir um hvar þeir leiti sér upplýsinga um Ísland kemur í ljós að netið er vinsælasti miðillinn og hafa vinsældir hans farið ört vaxandi eins og sjá máþegar nokkrar skýrslur um erlenda ferðamenn eru bornar saman, en í skýrslu frá Capacent Gallup frá haustinu 2007 segir að netið hafi þá verið önnur vinsælasta leiðin til þess að afla sér upplýsinga um landið eða með 59,4% en ferðabæklingar mældust með 65,9%. Í skýrslunni Ferðabjónustan á Íslandi í tölum frá árinu 2009 er einnig kannað hvar erlendir ferðamenn sem hingað komu árið 2007 öfluðu sér upplýsinga um landið svöruðu 60% í ferðabæklingum og 60% á netinu og samkvæmt þessum tölum nýttu tvöfalt fleiri ferðamenn sér netið nú en fyrir tíu árum (Ferðamálastofa, 2009). Þegar skýrslan Ferðabjónustan á Íslandi í tölum frá árinu 2010 er skoðuð og erlendir ferðamenn sem komu hingað til lands á árunum 2008-09 spurðir hvar þeir nálguðust upplýsingar um landið kemur fram að notkun á netinu hefur aukist um rúm 10% eða í rúm 70% í heild en notkun ferðabæklinga stendur í stað með 60% (Ferðamálastofa, 2010). Það er því greinilegt að netið er í mikilli sókn hvað þetta varðar.

3. gonguleidir.is

Í köflunum hér á eftir verður skoðað hvernig hugsanlegt ferli við gerð gonguleiðir.is gæti litið út, allt frá hugmynd að veruleika. Að mörgu þarf að huga við gerð heimasíðu og því gott að gera ráð fyrir hugsanlegum vandamálum sem upp gætu komið í ferlinu.

3.1. Hugmyndavinna við gonguleidir.is

Fyrsta skref var að ákveða hvað ætti að vera á vefsíðunni, finna heiti á síðuna og athuga hvort viðkomandi lén væri laust og var gonguleidir.is og gonguleid.is bæði laus ásamt hiking.is. Þegar búið var að ákveða nafnið, sem er gönguleiðir.is, þá var að finna upp á einhverju sniðugu og flottu „logo“. Ákveðið var að lógóið ætti að vera þannig að í staðinn fyrir ö-ið er áttaviti og sjónauki yfir, í staðinn fyrir l-ið á að vera göngustafur og í staðinn fyrir punktana yfir i-in á að vera sjónauki, en síðan var ákveðið að hafa frekar gönguskó yfir i-unum frekar en sjónauka.

Þegar verið var að ákveða útlit og hvað ætti að vera á síðunni voru margar ferðatengdar síður skoðaðar sjá viðhengi 1.

- Kort af Íslandi er nauðsynlegt og hafði ég samband við Ólaf Valsson sem er kortagerðamaður. Varð hann fyrir valinu vegna þess að ég hafði séð kort frá honum inn á sveit.is sem að mér leist mjög vel á, hann tók mjög vel í þetta verkefni og gaf mér leyfi til þess að nota kort frá sér. Kortið á að vera þannig uppsett að á upphafssíðunni birtist allt landið og síðan er hægt að velja landsfjórðunga og jafnvel væri hægt að velja sýslur eða skipta landinu upp í fleiri hluta t.d. í Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Einnig væri gott að þegar búið að finna þá gönguleið sem er fyrir valinu að þá efst í horninu sé lítið Íslandskort sem gefi til kynna hvar ca. á landinu leiðin er og þar sem tæknin í dag er orðin mjög þróuð þá væri einnig hægt að sjá göngukortin í sínum.
- Möguleikinn til þess að prenta út kortið er eitt af aðalmarkmiðunum með vefnum og því nauðsynlegt að hafa góð kort til útprentunar og þá væri hægt að prenta út kort af

gönguleiðinni og einnig væri hægt að hafa með smá fróðleik um leiðina t.d. hvort eitthvað sé vert að skoða á leiðinni, eins og heita hverji sem hægt væri að baða sig í eða eitthvað slíkt, hvort einhver sérstakur útbúnaður væri nauðsynlegur og gps punkta.

- Í tengslum við kortið væru flokkar sem hægt væri að nota til þess að þrengja leitina að gönguleiðum, flokkarnir væru þá stuttar gönguferðir 0-5 km, miðlungslangar gönguferðir 5-10 km og langar gönguferðir 10+ km og loks fjallgöngur. Einnig væri hugsanlega hægt að sjá inni á kortinu t.d. tjaldstæði, upplýsingamiðstöðvar og neyðarskýli.
- Leitarvél væri mikilvæg til þess að fólk geti slegið inn ákveðin efnisorð og stýtt þannig tímann sem tekur að leita að einhverju ákveðnu, t.d. ef þú veist hvað gönguleiðin heitir sem þú ætlar, þá slærðu inn nafnið á henni og kortið flytur þig strax á réttan stað.
- Möguleiki á fleiri tungumálum t.d. ensku, þýsku, spænsku, því eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu kemur hingað til lands mikill fjöldi erlendra ferðamanna sem ferðast vítt og breitt um landið.
- Gert er ráð fyrir plássi til auglýsinga því síðan á að vera að hluta til rekin fyrir auglýsingatekjur. Hugsanlegir auglýsendur/styrktaraðilar væru einstaklingar eða fyrirtæki sem mundu tengjast efni síðunnar beint eða óbeint eins og t.d. útivistarverslanir og slíkt og auglýsingin væri í raun linkur inn á viðkomandi heimasíðu.

Fá fyrirtæki nýta sér þau tækifæri sem netið felur í sér varðandi markaðssetningu. Engar opinberar tölur eru til yfir það hversu stórum hluta af auglýsingafjármagni sínu fyrirtæki á Íslandi ráðstafa í auglýsingar á netinu. Áætlað er að það sé á milli 6% - 10%, en talið er að þessar tölur eigi eftir að hækka og netið verða mikilvægari vettvangur fyrir auglýsingar. Mikil sóknarfæri eru fyrir fyrirtæki að vera sýnileg á netinu, einnig til þess að selja vörur og þjónustu (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

- Fréttaflokk þar sem hægt væri að auglýsa t.d. skipulagðar gönguferðir eða annað sem tengist þess konar útivist.
- Smáauglýsingar þar sem ferðalangar gætu óskað eftir eða selt útbúnað til gönguferða.
- Umræðuþráð þar sem fólk gæti skipst á skoðunum og upplifunum varðandi


gönguferðir og gönguleiðir.

- Loks flokkurinn góð ráð og fróðleikur þar sem göngufólk fengi góðar upplýsingar varðandi útbúnað og fleira sem tengist gönguferðum. T.d. varðandi gönguhraða; að gert sé ráð fyrir að gengið sé um 5 km á jafnsléttu á klukkustund og að bæta megi síðan við hálf tíma fyrir hverja 300 metra hækkun, æskileg þyngd á bakpoka, hentugir svefnpokar, hvernig á að hugsa um gönguskó, hvernig umgangast á ókunn vatnsföll o.fl. (Páll Ásgeir Ásgeirsson, 2007).

Einnig væri möguleiki á að vera í samstarfi við aðra sem eru með vefsíður sem tengjast efninu á gönguleiðavefnum eins og t.d. vedur.is, tjalda.is, vegagerdina.is og ferdalag.is o.fl. og gaman væri að hafa flokk þar sem hægt væri að nálgast þjóðsögur s.s. álfa-trölla-og draugasögur sem eiga að hafa átt sér stað nálægt þeim leiðum sem fólk er að fara og göngugarpar gætu þá prentað sögurnar út og lesið sér til skemmtunar á leiðinni.

Auk þess væri æskilegt að setja inn erfiðleikastig á þeim gönguleiðum sem eru í boð á síðunni en það var ákveðið að setja það ekki inn á þessu stigi þar sem enginn samræmdur erfiðleikastuðull virðist vera til og misjafnt hvernig gönguleiðir voru metnar í þeim heimildum sem höfundur skoðaði.

3.2. Gerð gönguleidir.is



1. mynd.

Á mynd 1 er forsíða gönguleiðir.is en á henni er hægt að nálgast allt það sem síðan hefur upp á að bjóða.

Til að byrja með er kort af Íslandi og hægt er að fara með bendilinn yfir það og þá gefur kortið möguleika á að velja landsfjórðunga. Einnig er hægt að þysja að kortinu og hafa hvort heldur í fullri stærð eða í fjórðung. Gönguleiðavalmöguleikarnir hægri megin á síðunni gefa til kynna hvernig gönguferðir eru í boði og ef valdar eru t.d. stuttar gönguleiðir koma fjólubláir punktar um allt landið þar sem stuttar gönguferðir er að finna, þessa valmöguleika er hægt að nota hvort sem kortið er í fullri stærð eða búið er að þysja að ákveðnum hluta landsins.


Fyrir neðan lógóið hægri megin eru gefnir valmöguleikar um mismunandi tungumál og eru tungumálin sem í boði eru enska, þýska, franska, spænska og danska.

Fyrir neðan tungumálavalmöguleikana er svokallaður „deili” hnappur þar sem gestum síðunnar gefst kostur á að deila gönguleidum.is á t.d. facebook eða á aðrar síður, möguleikar hnappsins verða sýndir síðar.

Vinstra megin fyrir neðan lógóið er síðan leitarvél sem leitar að einstaka orðum á

gonguleidum.is.

Fyrir neðan lógóið og vinstra megin á síðunni eru efnisflokkar en flokkarnir eru: um okkur, hafa samband, umræður, smáauglýsingar, heim, gott að vita, tékklisti, fréttir og sögur. Fjallað verður nánar um flokkana síðar. Loks er staður fyrir auglýsingar. Hægt er að sjá allar síður gonguleidir.is opnar í viðhengjum 2 – 15.




2. mynd.

Á mynd 2 má sjá kortið þegar valin hefur verið einn landsfjórðungur, þ.e. Norðausturland.




3. mynd.

Á mynd 3 hefur göngumöguleikinn fjallgöngur verið valinn. Þá koma inn rauðir punktar ásamt nöfnum á fjöllum, síðan er farið með bendilinn að því fjalli sem óskað er eftir að fá nánari upplýsingar um og það valið.



4. mynd.



5. mynd.

Á myndum 4 og 5 má sjá þegar fjallið Herðubreið hefur verið valið. Þá kemur efst á síðuna kort af gönguleiðinni og valmöguleikinn á því að prenta það út. Fyrir neðan kortið hægra megin er lítið kort af Íslandi þar sem punkturinn á kortinu gefur til kynna hvar á landinu fjallið er. Síðan er texti þar sem sagt er frá helstu upplýsingum um gönguna t.d. hæð á fjallinu, hversu langan tíma ferðin tekur, hversu margir kílómetrar hún er o.fl. Loks kemur stuttur texti um leiðina.

3.3. Gönguleiðir.is að raunveruleika

Til þess að vefur eins og gönguleiðir.is geti orðið að raunveruleika þarf að huga að mörgum þáttum. Fyrst og fremst þarf að finna samstarfsaðila:

- Aðila eða fyrirtæki sem vilja leggja til landakort til notkunar á vefnum
- Fá auglýsingaaðila til þess að auglýsa á síðunni og þannig fjármagna vinnuna á bak við vefinn að hluta til.
- Sækja um styrki en hugsanlegir styrktaraðilar getu verið:

SAF – Samtök ferðapjónustunnar, Nýsköpunarsjóður, Ferðamálastofa, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Bæjarfélög og stærstu fyrirtæki landsins, svo sem Eimskip, Flugleiðir, olúfélög, tryggingafélög og hin ýmsu ráðuneyti kunna að veita styrki til ákveðinna verkefna úr sérstökum sjóðum.

4. Markaðssetning vefsíðunnar

Ef gönguleiðir.is yrði að raunveruleika þá kemur markaðssetningin á henni til með að skipta miklu máli, það væri ekki vænlegt að vera búin að leggja mikla vinnu í gerð þessa vefs ef enginn vissi síðan af honum.

Eins og áður sagði þá eru Íslendingar netvæddasta þjóð í heimi og er fólk farið að versla og skipuleggja líf sitt meira í gegnum netið en áður og skipuleggja 70% af netnotendum á Íslandi fríin sín á netinu (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009). Það er því augljóst að á netinu er stærsti auglýsingamarkaðurinn.

Íslendingar eiga heimsmetið í hlutfalli þjóðar sem er á Facebook.com og er síðan því góður staður fyrir fyrirtæki að vera sýnilegt á og býður hún upp á nýjar og spennandi samskiptaleiðir. Með tilkomu samfélagsvefja geta fyrirtæki nú átt samskipti við viðskiptavinumilliliðalaust, en þetta er vandmeðfarin samskiptaleið og verða fyrirtæki að gæta sín á að verða ekki boðflennur á þessum persónulega vettvangi t.d. með því að senda óumbeðna tölvupósta.

Þegar fyrirtæki hlusta á viðskiptavinum á netinu er hægt að þróa þjónustu fyrirtækisins í takt við væntingar viðskiptavinanna og koma þannig í veg fyrir þjónustufall (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

Að nota samfélagsmiðla til auglýsinga getur verið mjög góð leið til þess að afla nýrra viðskiptavina auk þess sem tilkostnaðurinn er lítill og efni berst hratt á milli fólks.

Þegar birta á auglýsingar eru tveir þætti mikilvægir en þeir eru:

- Að auglýsingin sé á þeim stöðum þar sem flestir úr markhópnum sjái þær.
- Að auglýsingin hafi þau áhrif að þeir sem sjái hana vilji kaupa þá þjónustu eða vöru sem verið er að auglýsa (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

Í neyslu og lífsstílskönnun sem Gallup gerði á Íslandi árið 2009 um notkun ljósvakamiðla og netmiðla kom í ljós að 65% aðspurðra fara daglega inn á mbl.is og 45% á Facebook en 63% horfa á Ríkissjónvarpið og 34% horfa á Skjá 1 (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

Rannsóknir hafa sýnt að auglýsingar hafa mestu áhrifin í fyrsta skipti sem að fólk sér þær, síðan fara áhrifin dvínandi og ef auglýsing er birt of oft geta áhrifin snúist upp í andhverfu sína og auglýsingin ekki aðeins hætt að virka heldur getur fólk farið að upplifa

neikvætt viðhorf gagnvart því sem að auglýst er. Það er því mikilvægt að uppfæra auglýsingar reglulega og auglýsa frekar á fleiri stöðum og sjaldnar heldur en oft á fáum stöðum (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

Við dreifingu á auglýsingum getur verið gott að auglýsa líka hjá smærri fréttamiðlum úti á landi, það er bæði ódýrara og magn auglýsinga á þeim er ekki eins mikið. Samkvæmt Capacent leitar 72% af fólki helst að upplýsingum um vörur og þjónustu á leitarvélum og 61% á heimasíðum fyrirtækja en 49% spyr fólk í kringum sig, 36% leita í dagblöðum og 15% í sjónvarpi (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009)

Fyrirtæki þurfa að reyna að vera með öðruvísi, en þó viðeigandi, auglýsingar til þess að ná í gegn í öllu þessu auglýsingaáreiti sem er til staðar. Mikilvægt er að vefborðinn sé ekki í jaðri vefsíðunnar því rannsóknir hafa sýnt að fólk tekur síður eftir þeim og oft er fólk ekki með vafrann í fullri stærð, þannig að vefborðar sem eru á miðri síðunni eða innan um efni síðunnar eru árangursríkastir.

Gangvirkir vefborðar eru mjög árangursríkir og sniðugir, hægt er að hafa heilan bækling á bak við gagnvirka vefborðann og einnig er hægt að hafa tengil á vefborðanum yfir á vefsíðu fyrirtækisins (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

Tæknin á bak við vefsíður er mikil og hægt er að fylgjast með hversu lengi fólk er inni á vefsíðunum, hvað það skoðaði margar síður, fjölda heimsóknna, fjölda nýrra heimsóknna, tíma sem eytt er á síðu, endurkast, hvenær í vikunni eða hvenær dags kom umferðin inn á vefinn og hvaðan koma heimsóknirnar og þannig fást upplýsingar um hversu mikill áhugi er á því sem fyrirtækið er að auglýsa eða kynna. Með þessu er markaðsfólki gert kleift að fylgjast náið með hvernig vefir fyrirtækja eru notaðir og hversu mikið (Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson, 2009).

